

Nd.

68. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 17. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Stjórnin skal skipuð á þann veg, að hvert mjólkurbú og framleiðendafélag skipi einn mann, en þó skulu þau mjólkurbú, er taka á móti meiru en tveim milljónum lítra á ári, tilnefna tvo menn.

2. gr.

a. Síðara málslið fyrstu málsgreinar 7. gr. laganna skal orða svo:

Öll mjólk, sem seld er frá sölumiðstöð samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd eða vélhreinsuð af viðurkenndum mjólkurbúum, og rjómi allur gerilsneyddur.

b. Á eftir orðinu „sjúklingum“ í 2. málsgrein sömu greinar komi: svo og annari neytlumjólk, sem seld er vélhreinsuð.

3. gr.

e-liður 9. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Ákvæði um stundarsakir fellur niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í því skyni að skapa bændum aðstöðu til þess að taka nú þegar í sínar hendur alla stjórn á sölu mjólkur og mjólkurafurða, enda var það frá öndverðu tilgangur mjólkurlaganna, að bændur færu sjálfir með þau mál. Þá hefir og þótt nauðsynlegt að rýnka skilyrðin fyrir sölu á ógerilsneyddri mjólk, til þess á þann hátt að uppfylla kröfur þær og óskir, sem margir neytendur hafa látið í ljós. Er frumvarpið þannig flutt í þeim tilgangi, að fullnægt verði nær einróma kröfum framleiðenda um stjórn sinna mála, og þeim jafnframt gert kleift að hafa á boðstólum svo fjölbreytta vöru, að allir neytendur megi vel við una, enda liggur í augum uppi, að á þann hátt er varan útgengilegust og hag framleiðenda þá hezt borgið.